



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stöðu aðgerðaaætlunar gegn rasisma

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. júní 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Þann 22. mars síðastliðinn var breytingartillaga varðandi aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundaráði samþykkt. Þar var tekið fram að starfshópur yrði stofnaður sem myndi vinna í málinu og skila niðurstöðum fyrir 1. júlí. Hvernig miðar störfum starfshópsins fram? Mun hann skila niðurstöðum fyrir 1. júlí 2022 eins og kom fram í breytingartillögunni?

Svar:

Skóla- og frístundaráð samþykkti að setja á stofn starfshóp vegna aðgerðaráætlunar gegn rasisma og eru það verkefnastjórar fjölmenningar sem fara fyrir hópnum. Í mars hófst umfangsmikið verkefni í umsjá verkefnastjóra fjölmenningar við að skipuleggja skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir móttöku flóttafólks frá Úkraínu. Í ljósi þess var sú ákvörðun tekin að fresta stofnun starfshópsins fram í lok ágúst 2022. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum í lok október 2022.